Nýr Landspítali

Framkvæmdafréttir 86 19.04 2023

Nýr Landspítali staða framkvæmda og fréttir af verkefninu

- Lægsta tilboð í bílakjallara undir Sóleyjartorgi 91% af kostnaðaráætlun
- Heildarmagn steypu í meðferðarkjarna rýfur 40.000 m³ múrinn
- Málstofa um flutning á starfsemi sjúkrahúsa
- Samráðsfundur um hönnun nýbyggingar við Grensás
- Heimsókn nemenda á byggingasviði Tækniskólans ásamt gestum frá Svíþjóð
- Framkvæmdir við bílastæða- og tæknihúsið

Lægsta tilboð í bílakjallara undir Sóleyjartorgi 91% af kostnaðaráætlun

Lægsta tilboð í uppsteypu bílakjallara var 91% af kostnaðaráætlun

Þann 14. apríl voru opnuð tilboð í uppsteypu tveggja hæða bílakjallara undir Sóleyjartorgi ásamt tengigöngum sunnan Landspítala. Verkið er liður í uppbyggingu nýs Landspítala við Hringbraut. Bílakjallarinn verður staðsettur milli meðferðarkjarna og fyrirhugaðrar byggingar dag-, göngu- og legudeildar Landspítalans austan við torgið, sem er sunnan megin við Gamla Landspítalann. Bílakjallarinn verður á tveimur hæðum og verða þar um 180 bílastæði fyrir þá sem eru að sækja þjónustu eða að koma í heimsóknir. Heildarflatarmál bílakjallarans er áætlað 7.500 m2. Um var að ræða opið útboð.
Tilboðin voru þannig:

Kostnaðaráætlun verkkaupa: 1.543.162.114 (100%)

Eykt: 2.166.933.211 (140,4 %)
ÞG verk: 1.409.947.926 (91,4 %)

Tölurnar eru án vsk. og á verðlagi apríl 2023.

Heildarmagn steypu í meðferðarkjarna rýfur 40.000 m³ múrinn

Merkilegur áfangi náðist 22.mars þegar fyrsta steypa hófst á þakplötu 6.hæðar meðferðarkjarnans. Um er að ræða plötu í norðurhluta stangar 1 og uppsteypa plötunnar kláraðist fyrir páska

Loftmynd af uppsteypu meðferðarkjarna sem samanstendur af fimm stöngum sem koma ofan á tveggja hæða kjallara sem er neðanjarðar. Stöng 1 sem er efst á myndinni er komin í fulla hæð (6 hæðir ofan á kjallara) og framkvæmdir við aðrar stangir einnig komnar vel á veg

Vinna við uppsteypu meðferðarkjarnans gekk einstaklega vel í mars.

„Uppsteypan hefur gengið mjög vel að undanförnu og í mars voru steyptir 3.140 rúmmetrar. Þetta er það mesta sem steypt hefur verið í verkinu í einum mánuði og nú hefur heildarmagn steypu í verkinu rofið 40.000 m3 múrinn. Fyrsti hluti þakplötu 6. hæðar í vesturhluta hússins, nánar tiltekið í stöng 1, var steyptur í mars og kláraðist uppsteypa

þaks stangarinnar fyrir páska. Helstu verkþættir sem nú eru í vinnslu við uppsteypuna eru við mótauppslátt, járnabendingu, eftirspennu og uppsetningu stálvirkis. Vinna við tengiganga er í fullum gangi og er steypuvinna í bílastæða- og tæknihúsi hafin og var fyrsta botnplatan steypt í fyrstu viku apríl, þegar 700 m3 voru lagðir í grunninn. Á næstu vikum verður unnið við uppsteypu efri hæða stanga og neðri hæða millibygginga, þar sem uppsetning stálvirkis er einnig í fullum gangi. Reiknað er með að ljúka uppsteypu í byrjun árs 2024," segir Árni Kristjánsson staðarverkfræðingur Nýs Landspítala.

Málstofa um flutning á starfsemi sjúkrahúsa

Elisabeth Haga Jacobsen frá háskólasjúkrahúsinu í Stavanger Noregi var einn fyrirlesara á málstofunni

Þann 13. apríl var haldin málstofa NLSH um flutning á starfsemi sjúkrahúsa. Fyrirlesarar voru frá háskólasjúkrahúsinu i Stavanger og fyrirtækinu HCR í Kaupmannahöfn.

Á málstofunni var rætt um þann undirbúning sem er nauðsynlegur áður en sjúkrahús flytur starfsemi sína í nýjar byggingar og hvernig best er að standa að sjálfum flutningnum.

„Hjá NLSH, í samstarfi við Landspítala, er verið að hefja undirbúning fyrir flutning starfseminnar í nýjan meðferðarkjarna og rannsóknahús. Líta má á þessa málstofu sem upphaf þeirrar vegferðar. Í Stavanger er unnið að byggingu nýrra bygginga fyrir stóran hluta af starfseminni. Fyrirhugað er að taka byggingarnar í notkun seint á næsta ári. Háskólasjúkrahúsið í Stavanger er um margt líkt Landspítala hvað varðar starfsemi og þjónar nánast sama fjölda íbúa. Það er ómetanlegt fyrir okkur að fræðast um hvernig háskólasjúkrahúsið í Stavanger hefur staðið að sínum undirbúningi m.a. varðandi upplýsingamiðlun og þjálfun starfsmanna. Sjá hvernig breytingar eru gerðar á verkferlum og síðast en ekki síst hvernig sjálfir flutningarnir eru skipulagðir þannig að sem minnst áhætta verði og flutningarnir taki sem skemmstan tíma. Á sama hátt var erindi HCR afar fróðlegt en HCR hefur komið að flutningi fjölda sjúkrahúsa í nýjar byggingar. Unnið er eftir aðferðarfræði HCR í Stavanger," segir Ingólfur Þórisson sviðsstjóri tækni- og þróunarsviðs NLSH.

Samráðsfundur um hönnun nýbyggingar við Grensás

Það var létt yfir hópnum á samráðsfundinum um málefni Grensás

Nýlega var haldinn samráðsfundur með notendum um hönnun nýbyggingar við Grensásdeild Landspítala. NLSH hélt fundinn ásamt ráðgjöfum frá Nordic Office og Eflu sem gerði grein fyrir stöðu verkefnisins. Ráðgjafi fór yfir frumhönnun þar sem heildarskipulag hússins var kynnt. Farið var í gegnum grunnmyndir með innréttingum og innanstokksmunum. Notendur voru leiddir í gegnum húsið, sem er farið að taka á sig skýra mynd eftir forskrift notenda. Búið er að sjá í gegnum helstu lausnir tæknikerfa, umfang og stærðargráðu þess. Þá er búið er að ákveða helstu lagnaleiðir, burðarvirki hússins, flóttaleiðir og brunavarnir. Að lokinni frumhönnun fer fram lokavinnsla og frágangur aðaluppdrátta sem fyrirhugað er að senda til byggingarfulltrúa í byrjun sumars.

Heimsókn nemenda á byggingasviði Tækniskólans ásamt gestum frá Svíþjóð

Það voru áhugasamir nemendur ásamt kennurum og sænskum gestum sem heimsóttu framkvæmdasvæðið

Þann 28. mars kom fríður hópur nemenda í heimsókn frá byggingasviði Tækniskólans. Með þeim voru einnig nemendur frá Svíþjóð sem stunda sambærilegt nám en Erasmus samstarf er á milli skólanna. Áhugasvið hópanna eru smíðar, múrverk og járnabendingar og því má segja að heimsóknin hafi nýst hópnum vel. Gísli Georgsson, verkefnastjóri hjá NLSH, kynnti heildarverkefni félagsins og að því loknu var gengið um framkvæmdasvæðið undir stjórn Steinars Þórs Bachmann verkefnastjóra.
Mikil ánægja var með heimsóknina enda gott veður og margt að sjá fyrir áhugasaman hóp.

Framkvæmdir við bílastæða- og tæknihúsið



Jarðvinnu er lokið í grunni bílastæða- og tæknihúss og búið að steypa undirstöður fyrir allt húsið.

Framkvæmdir við bílastæða- og tæknihús (BT hús) standa þannig að allri jarðvinnu er lokið. Búið er að steypa þrifalag/undirstöður fyrir allt húsið og setja niður alla bergbolta sem er hluti af undirstöðum hússins. Verið er að járnabenda gólfplötur neðstu hæða og nýlega var neðsta gólfplatan steypt. Samhliða þessari vinnu hefur einnig verið unnið við lagnir í grunni. Á næstunni verður áfram unnið við járnabendingu og steinsteypu á neðri hæðum hússins.

Skýringarmynd

Yfirlitsmynd af svæðinu sem sýnir framkvæmdasvæði nýs Landspítala og gönguleiðir

Nánari upplýsingar.

Allar upplýsingar um framkvæmdina verða birtar á upplýsingasíðum NLSH, Landspítala og Háskóla Íslands og annarra hagsmunaaðila eftir því sem verða vill. Einnig mun upplýsingum verða reglulega komið á framfæri í fjölmiðlum ef miklar breytingar verða á umferðarfyrirkomulagi.

Nánari tæknilegar- og verkframkvæmdaupplýsingar veita:
Ásbjörn Jónsson sviðsstjóri framkvæmdasviðs NLSH, 841 7050 eða netfangið asbjorn@nlsh.is
Aðrar almennar upplýsingar veitir Magnús Heimisson samskiptastjóri NLSH, 866 1378 eða magnus@nlsh.is

Sértækar upplýsingar veitir af hálfu Landspítala Andri Ólafsson 863 8595 andriol@landspitali.is og frá Háskóla Íslands Björn Gíslason 896 0876 bgisla@hi.is

Nýr Landspítali

nlsh.is

NLSH ohf. / Alaskareitnum við Burknagötu / Póstfang: Pósthólf 20, 121 Reykjavík
Aðalnúmer 551 6010 / kt. 500810-0410 / postur@nlsh.is

Höfundaréttur © NLSH ohf.